

Ed.

631. Nefndarálit

[199. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til vegaf framkvæmda.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frumv. Kvaddi hún vegamálastjóra á sinn fund og fékk hjá honum ýmsar upplýsingar varðandi ráðstöfun lánsfjárins. Fyrirhugað mun vera, að af lántökufjárhæðinni, 135 milljónum króna, fáist 27 milljónir króna af sölu ríkisskuldabréfa eða spariskirteina, sbr. nýsamþykkt lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Fjárhagsnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins. Þrír nefndarmenn, KK, HB og BJ, áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 4. maí 1965.

Ólafur Björnsson,
form.

Karl Kristjánsson,
með fyrirvara.

Jón Þorsteinsson,
fundaskr., frsm.

Helgi Bergs,
með fyrirvara.
Rafn A. Pétursson.

Magnús Jónsson.

Björn Jónsson,
með fyrirvara.